

Spilastokkurinn

1. Það hafði verið gaman í skólanum þennan dag. Kennaranum fannst gaman að fyndinni sögu sem ég hafði skrifað um fjölskyldu mína og bað mig að lesa hana upphátt fyrir bekkinn. Foreldrar mínir voru mjög stoltir af mér þegar ég sagði þeim frá þessu, þeim fannst sagan líka frábær og bræður mínir grétu af hlátri. Við höldum upp á þetta með því að spila uppáhaldsspilið mitt áður en við fórum að sofa. Við hlógum mikið þennan dag.
2. Það var enn dimmt þegar pabbi minn vakti mig með látum. Ég gat rétt greint áhyggjufullt andlit hans. Hann sagði að við þyrftum að fara strax vegna þess að uppreisnarmenn hefðu ráðist inn í þorpið okkar! Hann hafði heyrt að margir í næsta þorpi hefðu verið drepnir. Við höfðum aðeins fimm mínútur til þess að yfirgefa heimilið, það gafst enginn tími til að pakka neinu niður. Ég klæddi mig og rétt náði að grípa peysuna mína og spilastokkinn með mér.
3. Mamma var grátandi, hana langaði að hitta systur sína sem bjó þremur húsum neðar til að ganga úr skugga um að hún kæmi örugglega með. Pabbi hjóp heim til þeirra. Hann sneri aftur eftir nokkrar mínútur. Hann sagði mömmu að frændi minn neitaði að yfirgefa heimili sitt. Þetta fékk mömmu til að gráta enn meira en það gafst ekki tími til þess að telja þau á að koma með okkur. Ég veit enn ekki hvað kom fyrir þau.
4. Við yfirgáfum heimilið og gengum niður eftir veginum, í átt frá ópunum og öskrunum sem við heyrðum úr fjarska. Eldtungur lýstu upp himininn. Vegurinn var troðinn af fólki á öllum aldri, allir gengu hratt og hljóðlega. Sumir kjökrðu en flestir voru of hræddir og of móðir til að geta gefið frá sér nokkuð hljóð.
5. Amma átti í erfiðleikum með að halda í við okkur og henni var mjög illt í fætinum. „Komdu, amma,“ sagði ég. „Ég skal hjálpa þér.“ Hún hallaði sér upp að mér en hún var svo þung að við þurftum að hægja á okkur og allir fóru fram úr okkur. Ég hafði misst sjónar af foreldrum mínum og bræðrum.
6. Eftir tvo tíma höfðum við dregist alveg aftur úr og vorum ein eftir. Hávaðinn í kringum okkur ágerðist. Við heyrðum óp og skothvelli. Við amma földum okkur bak við tré og vorum bæði of hrædd til að tala. Vörubíll með uppreisnarmönnum keyrði fram hjá.
7. Þegar við höfðum náð andanum aftur hvíslaði amma í eyrað á mér; „Þú verður að halda áfram án mín. Ef þú heldur þig frá aðalveginum þá sér þig enginn og þú getur hlaupið mömmu þína og pabba uppi.“ Ég hristi höfuðið. Ég vildi ekki yfirgefa hana, ég var hræddur um hana, og um mig. Hvað ef ég fyndi ekki foreldra mína?

8. Ég átti engra kosta vöð. Ég hjálpaði ömmu að fela sig í nálægum garðskúr og svo skildi ég hana eftir. Ég hljóp eftir stígum og reyndi að halda mig frá aðalveginum um leið og ég reyndi að fylgja honum eftir. Ég var uppgefinn og mjög svangur. Allt í einu heyrði ég skothvell og óp skammt undan. Ég stökk ofan í skurð. Eina stundina var ég skjálfandi og grátandi, þá næstu held ég að ég hafi sofnað.
9. „Stattu upp!“ öskraði einhver. Ég opnaði augun. Mér fannst eins og ég væri að vakna af draumi og ganga inn í martröð. Maður stóð yfir mér og beindi byssu að höfði mínu. „Komdu með mér!“ æpti hann. Ég fylgdi honum. Martröðin hélt áfram, það voru lík alls staðar, sum þeirra voru af nágrönnum mínum og skólafélögum. Mér var óglatt.
10. Ég sá pabba minn þar sem hann lá á götunni í skringilegri stöðu. Ég hljóp til hans. „Pabbi“ – ég greip í jakkann hans og höfuð hans hreyfðist aðeins. Ég sá blóð en ekkert lífsmark. Maðurinn reif mig burt og sló mig. Ég man ekki hvað gerðist næst. Það næsta sem ég vissi var að ég var settur í hóp með öðru fólki úr þorpínu. Enginn sagði orð, sama augnaráð ótta og skelfingar blasti við úr hverju andliti. Okkur var hent upp á vörubíl. Við vorum keyrð burt, við vissum ekki hvert og á þeirri stundu var okkur alveg sama.
11. Einhver sagði að við værum á leiðinni í einhverjar búðir. Mér leist ekkert á það og fann á mér að hinum leist ekki á það heldur. Hvers konar búðir? Heimur okkar hafði snúist algjörlega á hvolf. Hvað myndi gerast næst í þessari martröð? Yrðum við pyntuð eða myndum við fá mat? Vörubíllinn nam staðar og við fórum út.
12. Okkur var sagt að ganga af stað. Við gengum og gengum – það voru engar búðir – landamærin höfðu færst og við þurftum að halda áfram göngunni. Fólkið var ráðvillt. Við misstum sjónar á mönnunum úr vörubílnum í öllu öngpveitinu og héldum áfram göngunni. Mér var illt alls staðar og ég hafði ekki borðað í tvo daga. Ég hafði aldrei farið svona langt að heiman og ég hafði ég aldrei verið svona aleinn áður. Líf mitt var ekki lengur lífið mitt.
13. Við komumst loksins að landamærunum um nóttina en landamæraverðirnir vildu ekki hleypa okkur í gegn. Þeir spurðu okkur margra spurninga og sögðu okkur svo að bíða. Við fréttum að þeir hefðu sent annan hóp burt nokkrum klukkustundum áður. Við biðum alla nóttina og að lokum slepptu landamæraverðirnir okkur í gegn. Þeir sögðu að við myndum finna „flóttamannabúðir“ í næsta bæ og þar fengjum við mat og skjól. Það var aðeins seinna sem það rann upp fyrir mér að ég var núna flóttamaður.
14. Við komum til flóttamannabúðanna kvöldið eftir. Bæjarbúar störfu á okkur þegar við gengum í gegnum bæinn; þeir voru ekki ánægðir að sjá okkur, sum barnanna hentu jafnvel í okkur steinum og gerðu grín að okkur. Við gengum niðurlút og skömmuðumst okkar. Við vonuðum að þeir myndu ekki senda okkur burt. Okkur var sagt að búðirnar væru yfirfullar en að það yrði reynt að finna pláss fyrir okkur. Hópurinn sem ég kom með dreifðist og fólk fór að leita að fjölskyldum sínum og vinum. Ég var einn aftur, ég þekkti engan og treysti engum.

15. Ég var settur hjá fjölskyldu sem sagði að ég gæti gist í tjaldinu þeirra ef ég hjálpaði til við að passa börnin þeirra. Ég talaði ekki við neinn, ég var algjörlega dofinn á sál og líkama. Ég passaði börnin en ég lék mér ekki við þau. Þau fengu ekki að snerta spilastokkinn minn, hann var það eina sem ég átti eftir. Ég heyrði í sífelli sögusagnir um hvað hafði gerst og hvað yrði gert við okkur. Ég vissi ekki lengur hvað var satt og hvað ekki og að hluta til stóð mér á sama. Það var mikið ofbeldi í búðunum og margir voru mjög veikir. Ég hélt mig inni í tjaldinu og fór aðeins út þegar ég virkilega þurfti þess.
16. Bara í síðustu viku átti ég heimili, ég átti foreldra sem þótti vænt um mig, bræður, ömmu og afa, frændur og frænkur. Mér gekk vel í skóla og ég átti marga vini. Ég þekkti landið sem ég bjó í og flesta í þorpinu, en nú var allt þetta horfið. Ég er „flóttamaður.“ Ég er einn, á framandi stað þar sem fólk talar annað tungumál. Ég er að leita að fjölskyldu minni en enginn hefur séð þau. Ég veit ekki hvað á eftir að koma fyrir mig. Ég veit ekki hvort ég á nokkurn tíma eftir að sjá heimili mitt eða fjölskyldu mína aftur.
17. Ég hef verið í búðunum í tvo mánuði. Ég er viss um að fjölskylda mín var öll myrt daginn sem pabbi var myrtur. Ég hef enga ástæðu til þess að snúa aftur heim. Ég hef hitt nokkra sem hafa sagt mér að þeir geti hjálpað mér.
18. Maður einn sagði mér að hann gæti fundið fyrir mig starf í öðru landi þar sem ég gæti þénað mikla peninga. Hann sagði að hann vildi hjálpa mér og að hann gæti lánað mér peninga til þess að komast þangað. Ég myndi greiða honum til baka eftir að ég byrjaði að þéna eitthvað. Kannski er þetta tækifæri mitt til að byrja upp á nýtt. Draumur minn er að spila á spil aftur, einhvers staðar þar sem ég er ekki ókunnugur, einhvers staðar þar sem ég á heima.